

# Sala að hefjast á happdrættis-skuldabréfum

**ÞRIÐJUDAGINN 30. nóvember** n.k. hefst sala á verðtrygðum happdrættis-skuldabréfum ríkissjóðs, I-flokki, samtals að fjárhæð 200 millj. kr. Skál fé því, sem inn kemur fyrir sölu bréfanna, varið til framkvæmda við Norður- og Austurveg.

Aður hafa verið boðnir út átta flokkar happdrættis-skuldabréfa, samtals að fjárhæð 1410 millj. kr. og er árlega dregið um 4.740 vinn-

inga, samtals að fjárhæð 128,6 millj. kr. Allir þessir flokkar hafa selst upp á skömmum tíma og hefur fénu m.a. verið varið til að ljúka hringvegi um landið og fullgera Djúpveg.

Happdrættis-skuldabréf í I-flokki eru hvert að fjárhæð tvö þúsund krónur. Árleg fjárhæð happdrættisvinnunga nemur 10% af heildarútgáfunni, og er dregið um þá einu sinni á ári, nú fyrst 10. febrúar 1977. Alls verður dregið 10 sinnum, en vinningar hverju sinni eru 598 talsins, samtals að fjárhæð 20 millj. króna, og skiptast þannig:

4 vinningar á kr. 1.000.000	kr. 4.000.000
4 vinningar á kr. 500.000	kr. 2.000.000
90 vinningar á kr. 100.000	kr. 9.000.000
500 vinningar á kr. 10.000	kr. 5.000.000

Happdrættis-skuldabréfin verða endurgreidd að 10 árum líönum, ásamt verðbótum í hlutfalli við þá hækkun, sem verða á vísitölu framfærslukostnaðar á láns-tímanum. Sem dæmi um þróun framfærsluvísitölu, þá hafa bréf í A-flokki 1972 hækkad um 310,83% eða liðlega fjórfaldast.

Happdrættis-skuldabréf ríkissjóðs eru undanþegin framtals-skyldu og eignarsköttum, en vinningar og verðbætur undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari.

Séðlabanki Íslands sér um útböð happdrættis-lánsins fyrir hönd ríkissjóðs, en sölustaðir eru bankar, bankaútibú og sparistjóð-ir um land allt. **Fréttatilkynning**

## Litli prinsinn á förum

Í gærkvöldi var síðasta sýning Þjóðleikhússins á leikritinu Vojtsek eftir þýzka skáldið Georg Büchner.

Þá verður á morgun síðasta sýningin á Litla prinsinum eftir Exupery. Þetta er brúðleikssýning sem notið hefur afar mikilla vinsælda en ekki er unnt að sýna hana lengur, þar eð brúðurnar og sviðsbúnaður er fenginn að láni frá Svíþjóð og verður nú sendur þangað aftur. Næsta verkefni Þjóðleikhússins verður ballettsýning íslenska dansflokksins, nemenda Listdansskólans, leikara og karldansara. Nánar verður sagt frá ballettsýningunni í blaðinu síðar.

## Klippurnar voru til í þorskastríðinu 1958

**KLIPPURNAR** alræmdu, sem íslensku varðskipin beittu óspart gegn brezkum landhelgisbrjótum í tveimur síðustu þorskastríðum, voru til þegar á árinu 1958, en þá fékk Landhelgisgæzlan ekki heimild til að beita þeim. Kemur þetta fram í bókinni „Tfu þorskastríð“ eftir Björn Þorsteinsson sagnfræðing.

Í bókinni segir, að klippurnar hafi verið hannaðar af Péttri Sigurðssyni forstjóra Landhelgisgæzlunnar á árum 8. þorskastríðsins, þ.e. 1958, en ekki beitt fyrr en síðar. Þegar komið hafi á daginn, að Bretar beittu herskipavaldi togurum sínum til verndar og togarasjómenn þeirra snúist öndverðir gegn störfum gæzlunnar, hafi góð ráð verið dýr. „Á miðju ári 1958 hóf Pétur Sigurðsson forstjóri með aðstoð Friðriks Teitssonar, járnsmíðameistara frá Vitamál að smíða klippur, sem að gagni mættu koma í viðureign við landhelgisbrjóta. Smíði tækjanna

fór leynt; Íslendingar höfðu eignast hernaðarleyndarmál, sem var aðeins á vitorði þeirra Péturs og Friðriks.“

Síðan segir:

„Tilraunir með togvirkklippur voru framkvæmdar af varðskipunum Ægi og Maríu Júlíu undir stjórn skipherranna Þórarins Björnssonar og Lárusar Þorsteinssonar seint árinu 1958 og lokið rétt fyrir áramót. Þá þótti fullreynt að klippurnar dygðu til þess að stýfa í sundur togvira án þess að vinna tjón á skipi eða slasa áhöfn.“

Framleiðsla á togvirkklippum handa varðskipunum hófst strax að tilraunum loknum og snemma árs 1959 voru öll varðskipin búin leynivopninu, en því var ekki beitt til þess að stöðva landhelgisbrjóta, vegna þess að íslenska ríkisstjórnin var þá tekin að þreifa fyrir sér um samninga við Breta.“



A blaðamannafundi hjá Sögufélaginu. Frá vinstri: Björn Þorsteinsson, Þórður Björnsson, Pétur Sigurðsson og Bergsteinn Jónsson. — Ljósgr.: RAX.

## „Tíu þorskastríð“ eftir Björn Þorsteinsson

**BÓK** þessi, sem kom út um helgina, er þáttasafn um íslensk hafréttarmál frá 15. öld til nútíma. — Höfundur telur, að einhver mikilvægasta tæknibylting allra tíma hafi orðið á Norður-Atlantshafi um 1400, er nýjar gerðir skipa, tví- og þrí-möstrungar búnir margs konar seglum útrýmdu vkingaaldar einmöstrungunum af siglingaleiðum Vesturlanda.

Í kjölfar tæknibyltingarinnar sigldu fiskveiðar á höfum úti, og voru englendingar brautryðjendur í þeirri iðju og sóttu á Íslandsmið þegar um 1410. Aldrei höfðu neimur menn í heiminum sótt áður svo langan veg til þess eins að drepa þorsk, og siglingar og fiskveiðar á höfum úti urðu blómlegur atvinnuvegur. „Menn höfðu unnið fullan sigur á sjálfu úthafinu og tóku að leggja um það þjóðleióir, og hin fyrsta lá norður til Íslands.“

Miklum tæknibyltingum fylgir valdaröskun og þar með stríð og styrjaldir, og nú tóku menn snemma á 15. öld að berjast um aðstöðu til fiskveiða langt norður í höfum. Björn telur að 10 þorskastríð hafi a.m.k. verið háð um Íslandsmið. Stríð skýrgreindir hann sem skipuleg ofbeldisverk eins ríkis gegn öðru til þess að auka hag sinn og veldi. Flestum stríðum hefur lokið með samningum, og það eru einkum samningar eða breytt hafréttarlöggjöf, sem Björn leggur fram þorskastríðum sínum til sönnunar.

Þorskastríðin sem Björn nefnir eru sem hér segir:

1. 1415—25; sjóræningjastríð, sem lýkur með því að landsstjórnin á Íslandi er hernumin til Englands.
2. 1447—49; Eyrarsunds-

stríð. Danakonungur lokar Eyrarsundi fyrir enskum skipum og hernemur nokkur. Björn telur að „Eyrarsundslásinn“ hafi tryggt dönum völd á Íslandi, annars hefði landið hlotið sömu örlög og Hjaltland.

3. 1467—73; Eyrarsundi lokað, blóðugt stríð bæði á Íslandi og Norðursjó.

4. 1484—90; Eyrarsundi lokað. Blóðugt stríð við Íslandsstrendur og á Norðursjó.

5. 1532—33; Grindavíkurstríðið, englendingar hraktir úr stöðvum, sem þeir höfðu komið sér upp á Suðurnesjum og víðar um land. Þeir halda eftir stöðvum í Vestmannaeyjum.

6. 1896—97; englendingar

senda flotadeild til Íslands og krefjast frjálsra veiða á flóum og fjörðum utan 3ja mílna marka frá landi. Engin mótspyrna, en landsstjórnin óskar þess að Faxaflói verði friðaður fyrir togveiðum. Ekki sinnt.

7. 1952—56; Ísl. fiskveiðilögsaga færð út í 4 mílur og flóum og fjörðum lokað fyrir veiðum útlendinga.

8. 1958—61; fiskveiðilögsagan færð út í 12 mílur.

9. 1972—73; fiskveiðilögsagan færð út í 50 mílur.

10. 1975—76; fiskveiðilögsagan færð út í 200 mílur.

Samningar tókust milli dansk-norsku ensku stjórnanna um Íslandsmál 1415, en þeir

## Kvennavandræði Hinriks VIII ollu því að hann innlimaði ekki Ísland í Bretaveldi



Hinrik VIII.

samningar ættu fremur að hafa táknad stríðslok en upphaf stríðs. Hins vegar hófust skærur milli englendinga og íslenskra stjórnvalda um 1419 og friðarsamningar tókust ekki fyrr en 1432. Þorskastríðin við englendinga gætu því verið 11 eða jafnvel 12, ef vandlega er að gáð.

Í bókinni er allgildur kafli um Hinrik 8. Englandskonung og konur hans, en hann hafði miklar tekjur af Íslandi og Íslandsmiðum, en kvennavandræði ollu því að dómi Björns, að hann innlimaði Ísland ekki í ríki sitt. Hér átti hann talsverora hagsmuna að gæta, en tapaði þeim í Grindavíkurstríðinu, af því að hann var mjög Önnum-kafinn, upptekinn af Framhald á bls. 17

## „Grafík á heimsmælikvarða“

**KLUKKAN** tvö í dag verður opnuð með viðhöfn á Kjarvalsstöðum yfirlitssýning á þýzkri grafík eða „Þýzk grafík á vorum dögum“, eins og segir í sýningarskrá. Sýningin er á vegum Germania-félagsins, sem er félag menningarlegra tengsla milli Íslands og Þýskalands. Pétur Ólafsson, varaformaður Germania, sagði sýninguna með þeim merkari af listsýningum þessa árs. Í

fyrri var haldin á vegum Germania félagsins hin svokallaða Gutenberg-sýning.

Bragi Asgeirsson, hefur séð um uppsetningu sýningarinnar, en honum til aðstoðar voru tveir nemendur úr Myndlista- og handiðaskólanum. Sagði Bragi að grafík þessi væri á heimsmælikvarða. Sú albeztu sem hefði komið hingað til lands, eins og hann komst að orði. Ennfremur að allir listamennirnir væru ungir og margir þeirra væru málarar og myndhöggvarar, jafnframt sem þeir ynnu við grafík.

Í sýningarskrá, „Þýzk grafík á vorum dögum“, segir m.a.: „Þeir 36 listamenn, sem eiga grafík, myndaða eða nefnda á

nafn í sýningarskrá þessari, reyna að túlka þá veröld, sem við lifum í nákvæmlega á jafn margvíslegan hátt, bæði í lýsingum sínum og skoðunum...“ Ennfremur: „Nýir fjölmólar, nýtt efnisval og nýr skilningur hefir leitt til þess, að upp hefir vaxið ný-raunsæi með eigin sérkennum, sem skýrt og greinilega hefir haslað sér völl á þýzku listsviði, einkum í Berlín. Þarna er ekkert blítt og saklaust og þaðan af síður samhjúma; á óblíðan harðan, oft grimmilegan hátt eru fjaðrirnar reyttar af manngerð velferðarþjóðfélags okkar.“

A sýningunni eru alls hundrad myndir. Hún verður opin virka daga frá 4—10, um helgar frá 2—10 og stendur til 9. desember.



Bragi Asgeirsson og Pétur Ólafsson, varaformaður Germania-félagsins við mynd, sem ber hið einkennilega nafn Sparisjóður og er eftir Wolf Vostell. — Ól. K. M.

## Sýning opnar í dag á Kjarvalsstöðum